

Fundargerð

Árið 2022, miðvikudaginn 12. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Birgir Björn Sigurjónsson, Margrét Þórarinsdóttir, varamennirnir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Kristinn Andersen, og Stefán Bogi Sveinsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aroni Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 23. september 2022.

Fundargerð frá 23. september var samþykkt án athugasemda.

2. Ársreikningur 2021

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Á árinu 2021 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins neikvæður um 121 m.kr. samanborið við 47 m.kr. í jákvæðan afgang árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 6.884 m.kr., skuldir 6.167 m.kr. og eigið fé nam 717 m.kr.

Fasteignasjóður

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Á árinu 2021 var tekjuafgangur Fasteignasjóðs jákvæður um 538 m.kr. samanborið við 566 m.kr. í jákvæðan afgang árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.893 m.kr., skuldir 3 m.kr. og eigið fé nam 5.899 m.kr.

3. Útgjaldajöfnunarframlög 2022

Hækkun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 11. október 2022, ásmat tillögu að úthlutun framlagsins. Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 26. ágúst 2022 áætluð útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2022, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 11.600 m.kr. Gerð er tillaga að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 400 m.kr. Áætluð útgjaldajöfnunarframlög verða þá að fjárhæð 12.000 m.kr. á árinu 2022.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 400 m.kr. og leggja til við ráðherra áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2022 að fjárhæð 12.000 m.kr.

4. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Dagskrá

Farið var yfir dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldin verður á Hilton Reykjavík Nordica seinna sama dag kl. 16:00

5. Önnur mál

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Ekki fleira var tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:31.

Guðný Sverrisdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Margrét Þórarinsdóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Kristinn Andersen

Stefán Bogi Sveinsson

